

Fundur myndlistarráðs
Mánudagur 22. febrúar kl.8:30

Fundur nr. 18/2021

Fundur fór fram í húsnæði
SÍM, Hafnarstræti 16
101 Reykjavík.

Mætt eru á fundinn: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM), Auður Jörundsdóttir, framkvæmdastjóri KÍM og Klara Þórhallsdóttir, verkefnastjóri KÍM. En Hannes Sigurðsson (Listfræðafélag Íslands) og Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands) voru í fjarfundarbúnaði.

Dagskrá:

Fundur settur kl. 8:40

1. Úthlutun og fjármál

Athugasemd var gerð vegna greiðslu fyrir texta skrif, þrír úr ráðinu hafa tekið að sér textaskrif en aðeins einn fær greiðslu fyrir. Eitt þarf að ganga yfir alla og samþykkt var að skoða þessi mál betur og fá samanburð frá sambærilegum ráðum.

Töluverð aukning hefur verið á umsóknum frá því árinu áður. Umsóknir eru 267 eða 32% aukning frá því á sama tíma í fyrra og sótt er um fyrir 278.094.160 kr. eða 184% meira. Langmesta aukningin má sjá í umsóknum í flokki rannsóknna-, útgáfu- og aðrir styrkir en þar er sótt um fyrir rúmlega 100 millj. kr. en í 29 millj. kr. í fyrra.

2. Skipun matsnefnda vegna fyrri úthlutunar 2021. Fulltrúar úr ráði eru: Hannes Sigurðsson og Dagný Heiðdal.

Gert er ráð fyrir að úthluta 40.000 millj. kr. í mars. En vegna aukninga í umsóknum er ljóst að lengri tími fer í yfirferð umsókna að þessu sinni og því verður kostnaður meiri við vinnu matsnefnda.

Skipting umsókna á milli matsnefnda verður eftirfarandi:

Sýningarverkefni (150 umsókn) – Dagný Heiðdal

Aðrir styrki og undirbúningsstyrkir (114 umsóknir) – Hannes Sigurðsson

Rætt var um verkferla við úthlutun úr myndlistarsjóði og faglegt mat umsókna. Sérstaklega í ljósi þess að stofnanir sveitafélaga hafa gert athugasemdir við að úthlutanir úr sjóðnum hafi minkað til stofnanna á undanförunum árum. Aftur á móti hafa úthlutunarnefndir, sem eru ávalt skipaðar

nýju fólki hverju sinni, farið eftir sömu verkferlum og áður og notað stigakerfi í yfirferð umsókna. En uppfæra þarf verkferla og orðalag í samræmi við breyttar reglur.

3. Íslensku myndlistarverðlaunin 2021

Vandasamt hefur verið að skipuleggja viðburð þar sem reglum á sóttvörnum hefur tekið örum breytingum undanfarið. Enn sem komið er eru 20 manna fjöldatakmörkanir og því verða aðeins boðsgestir á afhendingunni sem fer fram í Listasafni Íslands 25. febrúar kl. 12:30-14:30. Formaður mun ávarpa gesti og veita viðurkenningar, því næst mun ráðherra ávarpa gesti og afhenda verðlaunin.

4. Tvö aðsenda erindi sem óskað er eftir að verði tekið til umfjöllunar á fundi myndlistarráðs (gögn fylgja fundarboði)

Fyrri erindið er frá Nýlistasafninu. Þar er gerð athugasemd við seinni úthlutun úr myndlistarsjóð 2020 þar sem mörg verkefni hlutu styrk en að upphæðirnar hafi verið lágar og ekki í samræmi við heildarkostnað verkefna. Þá þykir þeim betra að fá neitun fyrir einni umsókn ef það þýddi að annað verkefnið fengi úthlutað hærri undirbúningsstyrk. Þess ber að geta að ávalt er skipuð nýjir fulltrúar í matsnefnd við hverja úthlutun í myndlistarsjóði, en myndlistarráð gerir breytingar á tillögum nefndanna sb. lið 2 í fundargerð.

Myndlistarráð hefur nú þegar farið í innra mat vegna þessara vandkvæða og hækkað lágmarksupphæðir upp í 300.000 kr. Erindinu verður svarað skriflega.

Seinna erindið er sent frá óformlegum samtökum KvikMyndlistarmanna. Þar er tillaga að stofnun tilraunasjóðs kvikmynda sem styrkir óhefðbundna framúrstefnulega kvikmyndlist á mörkum myndlistar en slík kvikmyndaverkefni falla ekki að reglum kvikmyndasjóðs. Myndlistarráð leggur til að hópurinn leiti til ráðineytisins til að vekja athygli á máli sínu en myndlistarsjóður hefur ekki umboð til að stofna til slíks sjóðs. Erindinu verður svarað skriflega.

5. Önnur mál

Rætt var um að þýða leiðbeiningar og reglur myndlistarsjóð, þar sem hluti umsækjenda tala ekki íslensku. Einnig var rætt um umsækjendur sem ekki hafa ríkisfang á Íslandi og þar af leiðandi ekki kennitölur sem umsóknarformið krefst. Eins og getið er um í lögum þá er markmið sjóðsins að efla og stuðla að framgangi íslenskrar myndlistar og því þarf að vera eitthvað samstarf við listamenn eða stofnanir á Íslandi sem þurfa þá að gerast tengiliðir og sækja um í gegnum sína kennitölu sem tengiliður. Þessu þarf að gera betur skil í leiðbeiningum.

Ákveðið var að færa fundartímana framvegis og hafa þá á þriðjudögum kl. 8:30 sem er heppilegri tími.

Fundi slitið kl. 10:30